

**Ed.**

**649. Breytingartillögur**

við frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatns-sölu á nánar skilgreindu svæði innan kaupsinsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur.

2. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:

Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatnalaganna og þessara laga.